

Kæru foreldrar og forráðamenn leikskólabarna

Miklar breytingar hafi átt sér stað í starfsumhverfi leikskóla á undanförunum árum meðal annars með tilkomu nýrra kjarasamninga, styttingu vinnuvikunnar og með inntöku barna niður í 12 mánaða aldur. Hefur því verið settur á fót starfshópur til að endurskoða skipulag og starfsumhverfi leikskólanna í Ísafjarðarbæ.

Starfshópurinn óskar eftir hugmyndum foreldra leikskólabarna að bættu starfsumhverfi leikskóla og eru allar hugmyndir vel þegnar. **Þau sem vilja koma hugmyndum sínum á framfæri mega senda þær til Guðrúnar Birgisdóttur, skóla- og sérkennslufulltrúa, á netfangið [gudrunbi@isafjordur.is](mailto:gudrunbi@isafjordur.is) í seinasta lagi þann 5. mars 2024.**

Hér má finna upplýsingar frá nokkrum sveitafélögum sem hafa samþykkt breytingar í átt að styrkingu leikskólastarfs:

<https://hafnarfjordur.is/hafnarfjardarbaer-bodar-miklar-breytingar-a-leikskolastarfi/>

<https://www.kopavogur.is/is/frettir-tilkynningar/jakvaed-ahrif-i-kjolfar-breytinga-i-leikskolum-kopavogs>

<https://www.akranes.is/stjornsysla/fundargerdir/baejarrad/3819> (sjá mál nr. 2, Málefni leikskólástigsins 2023)

<https://www.stykkisholmur.is/is/moya/one/meeting/case/2302012>

<https://www.snb.is/static/files/fundargerdir/baejarstjorn/373.-fundur-baejarstjornar-undirritud-fundargerd.pdf> (sjá mál nr. 19, vinnutímastytting í leikskóla Snæfellsbæjar)

Hlutverk starfshópsins er að að greina og skoða skipulag og starfsumhverfi í leikskólum Ísafjarðarbæjar og leggja fram tillögur að breytingum á skipulagi leikskólastarfs, sem leitt geta til framtíðarumbóta og stöðugleika í starfsumhverfi barna og starfsfólks leikskóla.

Greina á núverandi stöðu leikskólastarfs með tilliti til gæða faglegs starfs, starfsánægju og stöðugleika í starfsumhverfi bæði barna og starfsfólks.

Skoða nýtingu leikskólaplássa og meta mögulegar leiðir til breytinga á núverandi skipulagi leikskólastarfs. Greina íbúafjölda með tilliti til fjölgunar barna frá 12 mánaða í Ísafjarðarbæ næstu fimm árin með tilliti til núverandi innviða.

Fulltrúar í starfshópnum eru:

Finney Raket Árnadóttir  
Bæjarfulltrúi

Hildur Sólmundsdóttir  
Fulltrúi leikskólakennara

Nanný Arna Guðmundsdóttir  
Bæjarfulltrúi

Sigríður Brynja Friðriksdóttir  
Fulltrúi ófaglærðra starfsmanna

Helga Björk Jóhannsdóttir  
Fulltrúi leikskólástjóra

Kristrún Halla Gylfadóttir  
Fulltrúi foreldra

Tara Óðinsdóttir  
Fulltrúi foreldra

Starfshópurinn skal ljúka störfum fyrir lok maí 2024.